

Stjórnarfundur HRFÍ 27. september 2021
Haldinn kl. 16:00 á skrifstofu félagsins, Síðumúla

Mættir: Daníel Örn Hinriksson, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Maríanna Gunnarsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir. Guðný Rut Isaksen framkvæmdastjóri sat fundinn.

Húsnæðismál

Ákveðið að stofna húsnæðisnefnd með Önnu Maríu Ingvarsdóttur í forsvari sem fulltrúa stjórnar og óska eftir þátttakendum í nefndinni.

Áfangafellspróf;

Ábending vegna hegðunar félagsmanns í prófi. Fjallað var um erindi sem barst frá fulltrúa HRFÍ í Áfangafellsprófi varðandi atvik sem kom upp á veiðiprófi og erlendur dómari gerir alvarlegar athugasemdir við. Erindið var tekið til umfjöllunar og ákveðið að vísa því áfram til dómara ráðs.

Heilsufarspróf fyrir franskan bulldog;

Tengiliður tegundarinnar sendi erindi varðandi heilsufarspróf fyrir franskan bulldog. Erindinu er vísað til Smáhundadeildar til umfjöllunar áður en stjórn tekur afstöðu.

Reglur fyrir svæðafélag

Tillaga að uppfærðum reglum svæðafélaga kynntar fyrir stjórn.

Starfsmannamál

Opnunartíminn verður óbreyttur um tíma. Silja Ösp Jóhannsdóttir hefur verið ráðin til starfa og hefur verið gerður starfssamningur við hana. Auglýst var eftir starfsmanni og rann umsóknarfrestur út þann 17. september síðastliðinn. Viðtöl standa yfir.

Erindi afgreidd milli funda;

Smalaeðlispróf Fjár- og hjarðhundadeildar, samþykkt.

Aukin dómara réttindi, Lilja Dóra Halldórsdóttir fékk samþykkt dómara réttindi á Flat Coated Retriever.

Kl. 18:00 – fundi slitið